

**Sp.**

**381. Fyrirspurnir.**

[214. mál]

- I. Til menntamálaráðherra um starfs- og endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

Telur menntamálaráðherra að menntakerfið sé í stakk búið til að mæta tækniþreyingum í atvinnulífinu með tilliti til

- a) starfsmenntunar almennt vegna nýrrar tækni;
  - b) nauðsynlegrar starfs- og endurmenntunar þeirra sem eiga á hættu að missa störf vegna tækniþreyinga í atvinnulífinu;
  - c) hefðbundinna kvennastarfa, þannig að konum jafnt sem körlum gefist kostur á að tileinka sér nýja tækni;
- eða þarf að gera sérstakar ráðstafanir í því skyni?

- II. Til menntamálaráðherra um fullorðinsfræðslu.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

Verður frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu lagt fram á yfirstandandi þingi? Ef svo er, hver verða helstu efnisatriði þess?

- III. Til forsætisráðherra um samanburðarkannanir á launakjörum kvenna og karla.

Frá: Jónönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Salome Þorkelsdóttur, Kristjönu Millu Thorsteinsson og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Er forsætisráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir verði gerðar á launakjörum kvenna og karla í öllum starfsstéttum, jafnt á launatöxtum sem öðrum kjarapáttum, og að niðurstöður liggi fyrir í lok samningstímabils á vinnumarkaðinum?